

Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 28. apríl 2006.

Umsögn Flugvirkjafélags Íslands um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands

Tilvísun er gerð til frumvarps til laga um Landhelgisgæslu Íslands, sem Flugvirkjafélagi Íslands (FVFÍ) hefur verið sent eintak af til umsagnar. Af hálfu félagsins eru eftirgreindar athugasemdir gerðar við efni frumvarpsins.

Rétt er að taka fram í upphafi, að FVFÍ tekur undir athugasemdir sem Félag íslenskra atvinnuflugmanna hefur gert við frumvarpið, sbr. umsögn dags. 26. apríl sl. Þær athugasemdir, sem og athugasemdir FVFÍ, lúta einkum þeim veigamiklu breytingum sem ætlunin er að gera á starfskjörum starfsmanna Landhelgisgæslu Íslands, þ.m.t. flugvirkja.

1. Starfskjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni.

Í gildandi lögum um Landhelgisgæsluna, nr. 25/1967, eru ákvæði um laun og kjör í 9.-11. gr. Í 10. gr. er kveðið á um að laun og kjör skuli vera í samræmi við kjarasamninga viðkomandi stéttarfélaga, eftir því sem við á, eða eftir sérstökum samningum stéttarfélaga við stjórn Landhelgisgæslunnar. Hafa slíkir sérsamningar vera gerðir varðandi einstakar stéttir hjá Landhelgisgæslunni. Samkvæmt 7. gr. laganna er flugvirkjum hjá Landhelgisgæslunni óheimilt að fara í verkfall og taka þátt í verkfallsboðunum.

Í fyrrgreindu frumvarpi er áfram inni ákvæði um bann við verkföllum og þátttöku í boðun verkfalls, sem tekur m.a. til flugvirkja, sbr. 22. gr. frumvarpsins. Hins vegar bregður svo við, að áðurnefnd ákvæði í 9.-11. gr. laganna um laun og kjör er ekki að finna í frumvarpinu. Raunar eru engin ákvæði í því um hvernig haga beri kjörum flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni. Einu skýringarnar þar að lútandi í frumvarpinu, er að finna í athugasemdum við 22. gr. frumvarpsins, þar sem fram kemur að það teljist ekki vera í samræmi við nútímann að hafa slík ákvæði um laun og kjör starfsmanna tiltekinn stofunar bundin í lögum.

FVFÍ hafnar þessum breytingartillögum með öllu og telur þær geta falið í sér verulega skerðingu á réttarstöðu flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni til framtíðar litið. Verði

frumvarpið að lögum má búast við að kjör flugvirkja hjá Landhelgisgæslunni geti orðið er frá líður mun lakari en kjör flugvirkja á hinum almenna vinnumarkaði, sem munu búa við eðlilega samningsstöðu. Flugvirkjar hjá Landhelgisgæslunni munu áfram þurfa að sæta verkfallsbanni eftir atvikum, sbr. 22. gr. frumvarpsins, um leið og þeir eru sviptir samningsstöðu um launakjör. Augljóst má vera að flugvirkjum yrði með þessu gert erfitt fyrir að öðlast sömu kjör og almennt gerist og gengur á markaði. Af því leiðir að telja má, að er fram í sækir muni þeir sem reynslu hafa í faginu ekki sjá sér hag í að starfa hjá Landhelgisgæslunni. Sömuleiðis eru allar líkur á að við slíkar aðstæður yrði erfitt að laða flugvirkja til starfa hjá stofnuninni. Það segir sig sjálf að slíkt yrði afar bagalegt fyrir rekstur stofnunarinnar, enda er eðli þeirra starfa sem flugvirkjar sinna þar með þeim hætti að brýnt er að þar starfi menn með reynslu.

2. Um löggæsluhlutverk og vopnavald.


FVFÍ gerir athugasemdir við 4., 6. og 8. gr. frumvarpsins, þar sem lagðar eru auknar skyldur á áhafnir loftfara Landhelgisgæslunnar, þ.m.t. flugvirkja. Meðal þess sem þær breytingartillögur fela í sér og gerðar eru sérstakar athugasemdir við, er að áhöfnum er falið lögregluvald, án þess að þeirri réttarstöðu séu gerð nánari skil með lögnum, og burður og beiting vopna, sem ljóst má vera að felur í sér mikla breytingu á starfsskyldum flugvirkja, frá því sem nú er. Þessi útfærsla á starfsskyldum og ábyrgð flugvirkja krefst nánara samráðs og samkomulags við FVFÍ, áður en til lagasetningar kemur.

3. Refsingar.

FVFÍ mótmælir efni ákvæðis 29. gr. frumvarpsins, um refsheimild vegna m.a. ákvæðis 22. gr., um verkfallsbann. Eru engar skýringar settar fram í frumvarpinu um ástæður fyrir umræddri refsheimild. Er því vandskilið hver tilgangurinn er með henni er. Í því sambandi skal bent á að sambærilega refsheimild er t.a.m. ekki að finna í lögreglulögum, að því er varðar óheimil verkföll lögreglumanna. Virðist því sem að jafnræðis sé í engu gætt milli þessara stétta. Er þess því krafist að heimild þess verði felld út úr ákvæði 29. gr. frumvarpsins.

Af hálfu FVFÍ er þess vænst að allsherjarnefnd Alþingis taki fullt mið af framanrituðum athugasemdum FVFÍ og stuðli að því að gerðar verði breytingar á frumvarpi til laga um Landhelgisgæslu Íslands til samræmis. FVFÍ áskilur sér rétt til að koma frekari athugasemdum við frumvarpi að síðar. Þá er farið fram á við allsherjarnefnd Alþingis, að fulltrúum FVFÍ verði veitt tækifæri á að mæta á fund nefndarinnar og gera þar nánari grein fyrir athugasemdum félagsins.

Virðingarfyllst,
f.h. Flugvirkjafélags Íslands,



Jón Erlendsson